

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

594. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 14. apríl 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Kjörskrá v/ Alþingiskosninga þann 25. apríl nk.
3. Bréf Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.
4. Bréf Þorgríms Guðna Björnssonar.

### Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um viðhald vatnsveitu í Mjóadal, kynnt útboðsgögn og verklýsing fyrir útrás vestan Höfðabrautar, malbiksviðgerðir og stöðu einstakra framkvæmda og skipulagsmála.
2. Fram lögð kjörskrá í Húnaþingi vestra vegna Alþingiskosninga þann 25. apríl nk. Á kjörskrá eru alls 848 einstaklingar, 430 karlar og 418 konur. Byggðarráð samþykkir kjörskrána og felur sveitarstjóra undirritun hennar og framlagningu.
3. Bréf Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna lagt fram. Í bréfinu óskar sambandið eftir viðræðum við sveitarstjórn Húnaþings vestra um gerð kjarasamnings fyrir slökkviliðsmenn. Byggðarráð felur sveitarstjóra að afla upplýsinga um málið.
4. Fram lagt bréf Þorgríms Guðna Björnssonar þar sem hann óskar eftir fjárstyrk vegna þátttöku sinnar á Norðurlandamóti í körfuknattleik í Svíþjóð í maí nk. Samkvæmt samningi milli Húnaþings vestra og USVH greiðir Húnaþing vestra fjármuni í afreksmannasjóð sambandsins og þess vegna er bréfitara bent á að senda erindi sitt til USVH.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Aðalfundarboð Sparisjóðsins í Keflavík lagt fram. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl nk. kl. 17:00 í safnaðarheimili Keflavíkarkirkju í Reykjanesbæ. Byggðarráð samþykkir að oddviti fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum og sveitarstjóri til vara.
6. Samþykkt að Almennur sveitarfundur verði haldinn í Félagsheimilinu Ásbyrgi mánudaginn 27. apríl nk. kl. 20:30.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:45

Elín R. Líndal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:  
Oddur Sigurðarson(sign.).